

Þegar fræðsluefni krefst prentunar eða grafískrar hönnunar í útseldri vinnu þá bætist eftirfarandi við vinnulýsingu um útgáfu fræðsluefnis (VLY-027):

1. Óskað er eftir tilboðum í verkið frá að lágmarki þremur aðilum.
2. Fræðslustjóri fær samþykki forstöðumanns rekstrarsviðs fyrir kostnaði. Gengið er að ódýrasta tilboðinu en reynt að prenta með norrænu umhverfismerki Svansins ef það hækkar ekki kostnað verulega.
3. Grafísk hönnun er borin undir textahöfund og forstöðumann hans til samþykktar áður en efni er birt eða sent til prentunar. Fræðslustjóri fer yfir próförk frá prentsmiðju og samþykkir fyrir prentun ef þörf krefur.
4. Fræðslustjóri fer yfir og samþykkir reikning að vinnu lokinni.